

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 286/2014

2015/EES/71/33

frá 12. desember 2014

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 546/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 45a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999) í XIII. viðauka við EES-samninginn: „eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0546**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 546/2014 frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 163, 29.5.2014, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 546/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 163, 29.5.2014, bls. 15.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.